

## **90. fundur skráningarráðs haldinn 12. mars 2015 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 9-10.30**

**Fundarmenn:** Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Rósa Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).  
Auk þess sat Sigrún Hauksdóttir fundinn. Hildur Gunnlaugsdóttir boðaði forföll.

1. **Fundargerð síðasta fundar** var yfirfarin og samþykkt.
2. **Staða mála hjá hópum**

Hallfríður sagði frá ferð kennarateymis og Rögnu Steinarsdóttur til Bretlands og Hollands. Skipulagðir eru þrír dagar í British Library við kynningar og kennslu og einn dagur í háskólabókasafninu í Amsterdam. Aleph kerfið er notað í báðum þessum söfnum. Sigrún Hauksdóttir verður með í British Library.

Farið var yfir fundargerð fyrsta fundar stýrihóps. Vísað er til fundargerða þýðingarhóps og innleiðingarhóps í Dropbox.

3. **Fjöldi í innleiðingarteymi**

Erindi frá Magnhildi varðandi fjölda í innleiðingarteymi. Fundarmenn sammála um að fækka megi um tvo í teyminu, Áslaugu og Þóru. Þar verði einn fulltrúi frá kennarateymi (Hallfríður) og einn frá skráningarráði (Rósa). Þær kalli til varamenn geti þær ekki mætt á fundi.

4. **Vinnulag við RDA innleiðingu**

Rætt um heppilegt fyrirkomulag á vinnulagi skráningarráðs og kennarateymis, t.d. að kennarateymi skrái tiltekin svið og allt sem þeim fylgir skv. RDA og komi með á skráningarráðsfundi til afgreiðslu. Ákveðið að halda RDA vinnufund 13. apríl með þátttöku allra sem koma að innleiðingarvinnunni.

5. **Verkátun skráningarráðs**

Sigrún tekur að sér að vinna fyrstu drög, áfram verður haldið á vinnufundinum 13. apríl.

6. **Önnur mál**

Áslaug spurði hvenær kennarateymi gæti farið að prófa að skrá og breyta færslum. Sigrún sagði að einfalt yrði að skipta á milli raun- og tilraunaumhverfis eftir að nýr þjónustupakki verður tekinn í notkun 24. mars.

Hallfríður ræddi eintakatengingar fjölbindaverka sem eru skráð annars vegar í einni færslu, hins vegar í mörgum. Ekki einfalt að setja reglur um þetta.

Fleira ekki rætt, næsti fundur verður boðaður í kjölfar vinnufundar 13. apríl